



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Haustönn 2018

DANS1DL05

Daglegt líf

Kennari:	Sólveig Sigmarsdóttir solveigsigmarsdottir@fsu.is	Sk.st.	SOS
-----------------	---	---------------	------------

Áfangalýsing: Í áfanganum er lögð áhersla á að byggja grunn í tungumálinu. Efni áfangans fjallar um daglegt líf og markmiðið er að styrkja alla færniþætti tungumálsins.

Tal: Áhersla er lögð á að nemendur þjálfist í að tala einfalda dönsku, tvö og tvö saman eða með kennara.

Hlustun: Nemendur vinna með hlustun sem tengist þeirra áhugasviði og daglegu lífi.

Ritun: Nemendur skrifa stutta texta eins og t.d. persónuleg bréf, skilaboð eða endursögn um kvikmynd.

Orðaforði: Nemendur vinna með orðaforða í tengslum við námsefnið.

Lestur: Nemendur lesa smásögur og ýmiss konar léttlestrartexta.

Undanfari: Enginn

Þekkingarmarkmið við lok áfangans eru að nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- grunnþáttum í ritun á dönsku
- daglegu lífi ungs fólks í Danmörku
- stuttum textum sem fjalla um kunnuglegt efni
- orðaforða sem tengist áhugasviði og daglegu lífi
- einföldu daglegu talmáli um kunnuglegt efni

Leiknimarkmið við lok áfangans eru að nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- nota viðeigandi hjálpargögn og upplýsingatækni
- svara spurningum skriflega og skrifa stutta texta í samfelldu máli um efni sem hann hefur áhuga á eða þekkir til
- beita orðaforða á skýran og réttan hátt
- svara spurningum munnlega og taka þátt í einföldum samræðum um kunnuglegt efni
- skilja talað mál þegar talað er skýrt um kunnuglegt efni
- lesa ýmiss konar texta á eigin áhugasviði og beita viðeigandi lestraraðferðum hverju sinni

Hæfnimarkmið við lok áfangans eru að nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- fylgjast með frásögnum og skilja aðalatriði ef efnið er kunnuglegt
- tileinka sér aðalatriðin í stuttum greinum og draga ályktanir af því sem hann les
- tjá skoðun sína
- lesa einfaldan skáldskap sér til ánægju
- miðla eigin skoðunum og tilfinningum skrifa stutta samantekt, t.d. um kvikmynd

Námsefni:

- **På vej**, lesbók og verkefnabók
- Skáldsaga: **Trælkvindens søn**, ljósrit
- Smásögur: **Pip i papkassen og Gnist**
- **Fjölmiðlar (DR)**

Kennsluáætlun í DANS1DL05, vorönn 2018

Vika	Dagsetning	Námsefni - Viðfangsefni	Próf og verkefni
1 -4	5.jan. – 28.jan.	På vej, sjónvarpsefni og vinna með orðabók. Gnist smásögur.	Lestur, ritun, orðaforðapróf og hlustun.
5 - 8	29.jan – 18. feb.	På vej, sjónvarpsefni og Pip i kassen (smásögur).	orðaforðapróf, hlustun, munnlegt og ritun.
9 - 11	19.feb. – 11.mars	På vej, Pip i kassen(smásögur), sjónvarpsefni.	Munnlegt, orðaforði, hlustun og lesskilningsverkefni.
12 - 15	12.mars – 8.apríl	Gnist smásögur og sjónvarpsefni.	Munnlegt, lesskilningsverkefni og ritun
16 – 19	9.apríl – 6.maí	Trælkvindens søn (þjóðsaga)	Munnlegt, lesskilningsverkefni og ritun

Áfanginn er án lokaprófs.

Námsmat er fjölbreytt og er í tengslum við verkefnavinnu, einnig jafningjamati, prófum og öðru námsmati. Námsmatið nær til allra færniþátta tungumálsins þ.e. Lesturs og lesskilnings, hlustunar, ritunar og talaðs máls. Flest öll verkefni eru metin til námsmats.

Námsmat

Námsháttur	Fjöldi verkefna /námsmats	Vægi
Orðaforði	3-4	15%
Ritun	2-3	15%
Munnlegt	2-3	10%
Hlustun	2-3	15%
Þjóðsaga	2-3	20%
Smásögur	3-4	25%

ATH. Nemendur verða að temja sér að fara inn á Moodle daglega til að fylgjast með.

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Sólveig Sigmarsdóttir